

AUGLÝSING

um deiliskipulag Syðra-Lágafells I í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps eftirfarandi deiliskipulag:

Syðra-Lágafell I – deiliskipulag sumarbústaðasvæðis.

Í deiliskipulagstillögunni felst að á Syðra-Lágafelli I verði skilgreint frístundasvæði á hluta af jörðinni. Svæðið sem tillagan tekur til er um 100 ha og afmarkast í grófum dráttum af þjóðvegi að sunnanverðu, skurði að vatninu Leirskál að vestanverðu, fjallsrótum að norðanverðu og að austanverðu niður eftir Hólabörðum að þjóðvegi.

Tillagan nær einnig að litlum hluta til spildu í Syðra-Lágafelli II.

Skipulagið gerir ráð fyrir 25 lóðum sem eru frá 0,8 ha og upp í 4,0 ha að stærð. Leyfileg stærð frístundahúsa er 100 m² en heimilt að reisa annað hús á hverri lóð allt að 45 m² s.s. gestahús eða svefnskála.

Skipulagsáætlunin hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 22. desember 2010.

Jökull Helgason, skipulagsfulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps.